

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

221. tbl - 5. árg.

15. september 2005

Snæfellsbæingar á Sjávarútvegssýningu



Sjávarútvegssýningin 2005 var haldin í Fifunni Kópavogi dagana 7. - 10. september s.l. Á sýningunni voru meðal annars 3 nýir bátar sem hafa verið keyptir til Snæfellsbæjar, það eru bátarnir Særif SH-25 í eigu Melnes ehf, Sæhamar SH-223 í eigu Kristins J. Friðbjóssonar ehf og Olli

SH-375 í eigu Útgerðarf. Kjarks ehf. Einnig var til sýnis vinnslulína frá Marel sem Hraðfrystihús Hellissands mun taka í notkun innan skamms.

Þetta er enn eitt dæmið um hve björtum augum Snæfellsbæingar líta framtíðina og greinilegt að menn eru

ekki hræddir við að fara út í nýsmíði eða stórkostlegar breytingar til að báta- og skipafloki Snæfellsbæjar sé alltaf í fremstu röð.

Engan bilbug er heldur að finna á þeim sem stunda vinnslu á fiski í sveitarfélaginu en eins og kunnugt er þá er stutt í að Klumba hefji vinnslu í nýju húsnæði og sjá

má móta fyrir veggjum á glæsilegu nýju húsnæði KG fiskverkunar í Rífi.

Eins og áður segir er stutt í að Hraðfrystihús hellissands taki í notkun nýja vinnslulínu frá Marel og á dögnum var ný vinnslulína tekin í gagnnið hjá Sjávariðjunni á Rífi.

Loksins vatnsútflutningur?

Snæfellsbær hefur skrifað undir samning við Ameríska aðila um pökkun og útflutning á vatni úr Snæfellsbæ. Eflaust segja nú margir „Einu sinni enn“ en í þetta skipti er málið komið nokkuð langt á veg og hefur umtalsverðum fjármunum verið varið af hálfu erlendra aðila til verkefnisins. Ekki hefur enn verið gefin út dagsetning á því hvenær starfsemi hefst hér á landi en fjöldi fólks er í vinnu við að undirbúa þetta verkefni, bæði hér heima og erlendis. Sem dæmi um það hve langt á leið þetta er komið þá er



búið að hanna umbúðir og eru þær þannig úr garði gerðar að með því að snúa miða flöskunnar þá má sjá í gegnum glugga á honum nýjar og nýjar upplýsingar og fróðleik um Snæfellsjökul og Ísland.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · Netf. bylgja@bylgja.is

**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

HÚS TIL SÖLU

Grundarbraut 6a



90,2 fm. verslunarhús upphaflaga byggt árin 1967 og 1992. Eldri hluti hússins er steypur og sá nýrri úr timbri. Húsið skiptist í verslunarrými, skrifstofu, salerni og aðstöðu fyrir starfsmenn. Húsið er mikið endurnýjað og hefur m.a. verið skipt um glugga, þak og gólfefni. Húsið er klætt að utan með „steni klæðningu“. Malbikað bílastæði. Húsið býður upp á ýmsa möguleika og mætti t.d. auðveldlega breyta því í íbúðarhús.

Verð kr. 5.500.000,-.

Sjá nánari upplýsingar um eignirnar og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasöllumar: fasteignsnae.is
Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf unnin af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness
Pétur Kristinsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.
Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is
Heimasíða: fasteignsnae.is

Óskum eftir starfskrafti



VERSLUNIN
BLÓMSTURVELLIR
HELLISSANDI · S. 436 6655



Sparkvöllur á Helligsandi

Opnunarhátíð nýja sparkvallarins við Grunnskólann á Helligsandi verður haldin föstudaginn 16. september n.k. kl. 16:00.

Fulltrúar KSÍ mæta á svæðið.
Veitingar verða í boði fyrir gesti eftir vísulna.

Eftir opnunina eiga allir að fjölmenna á völinn í Ólafsvík og styðja Víkingana til sigurs í leiknum gegn Þór.

ALLIR Á VELLINA!!!!

Gistihúsið Langaholt kynnr:

Helgi og hljóðfæraleikararnir
Halda tónleika þann
17. september kl. 21:00

Keli og Valentina koma einnig fram.

Fritt inn. Barinn opinn.
Kaldur öl á sveitamannakjörum.
Tilboð á gistingu

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



Jóga í Rífi

Jóga með Önnu Þóru hefst þriðjudaginn 20. sept. Kennst verður í húsi KG í Rífi á þriðjudögum og fimmtudögum kl.17:15 báða dagana.

Því miður verða ekki tímar hjá mér í Sólarporti í vetur.
Skráning í síma 4366771
Sjáumst með sól í hjarta

Anna Þóra

Víkingur í botnslag!

Leikur Fjölnis og Víkings fór fram á Fjölnisvelli laugardaginn 10. september kl. 14:00. Í fyrri hálfleik var ekki mikið um marktækifæri en Atli Guðnason kom Fjölnismönnum yfir á 20. mínútu leiksins. Í seinni hálfleik voru Víkingar meira með boltann en Fjölnismenn beittu stórhættulegum skyndisóknum en Einar varði vel í marki Víkings. Þegar um 20 mínútur voru eftir munaði minnstu að Hemmi kæmist einn í gegn

en hann missti boltann aðeins of langt frá sér og þrátt fyrir mikla pressu Víkings tókst ekki að skapa nógu góð færi til að skora. Leikurinn fór því 1-0 fyrir Fjölni.

Síðasti leikur sumarsins er viðureign Víkings gegn Þór sem fer fram á Ólafsvíkuvelli föstudaginn 16. september kl. 17:30. Víkingur getur lent í sætum 4-9 svo það er nauðsynlegt að sem flestir mæti á Ólafsvíkuvöll á föstudaginn og láti heyra í sér.



*Halátið á Hótel Ólafsvík
laugardaginn 17. september*

Húsið opnað kl 19:30 Borðhald hefst kl 20:00

Hægt er að kaupa miða á hófið
fram til kl. 23 í kvöld, fimmtudag hjá
Vigfúsi í síma 862 6022


Miðaverð kr. 3.500,-

Eftir borðhald og skemmtiatriði munu Tveir á milli strengja leika fyrir dansi.

Hófið er öllum opið.

Selt verður inn á dansleik
kl. 12 á miðnætti.
verð kr. 1.000,-

Kynningarfundir - Íbúafundir



vegna sameiningarkosninga 8. október nk.
skv. tillögum félagsmálaráðuneytisins um
sameiningu fimm sveitarfélaga á Snæfellsnesi

Kynningarfundir fyrir íbúa sveitarfélaganna fimm
verða haldnir sem hér segir:

Eyja- og Miklaholtshreppur

Félagsheimilinu Breiðabliki föstudaginn 23. september nk. kl. 20.00

Helgafellssveit og Stykkishólmur

Sal Tónlistarskóla Stykkishólms laugardaginn 24. september nk. kl. 11:00

Grundarfjörður

Samkomuhúsi Grundarfjarðar laugardaginn 24. september nk. kl. 14:00

Snæfellsbær

Félagsheimilinu Klifi laugardaginn 24. september nk. kl. 17:00

Athygli er vakin á utankjörfundaratkvæðagreiðslu sem hófst 13. ágúst sl.
há sýslumanni Snæfellinga

Íbúar eru hvattir til að mæta og kynna sér málin

Samstarfsnefnd um sameiningu



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

SMÁAR

Kerra til sölu

Yfirbyggð kerra til sölu (tilvalin fyrir snjósleða)
Uppl. í síma: 894 5255

Lægsta verð á landinu?

Í síðustu viku gerði Bæjar-
blaðið Jökull svolitla könnun
á bensínverði á Snæfellsnesi, í
gær miðvikudag var svo gerð
könnun á sömu stöðum á
verði á diselolíu í sjálfsaf-
greiðslu.

Niðurstöður úr þessari
könnun urðu þær að verð á
diselolíu er langlægst á mjög
svo umdeildri olíudælu Esso

sem staðsett er við Ólafsbraut
í Ólafsvík. Verðið á þeirri
dælu er 112,60 og er það lík-
lega lægsta verð á landinu.

Á bensinstöð Skeljungs í
Ólafsvík er verðið 115,70 en
há Esso á Hellissandi og í
Grundarfirði og Olís í Stykkis-
hólmi er verðið 117,70.

Grunnskóli Snæfellsbæjar
Hellissandi - Ólafsvík - Ljósáskóla


Wing - Voka - Vöðvíni

Foreldrar nemenda  í 1.-10.bekkjum!

Opið hús

Á starfsstöðvum skólans á Hellissandi og í Ólafsvík:

Umsjónarkennarar bjóða foreldrum á "Opið hús" þar sem
kynnt verða námsmarkmið veltursins, námsumhverfi og
fyrirkomulag skólahaldsins.

Ekkí sist verður boðið upp á kaffisopa  og spjall um
leið og foreldrum er boðið að skoða skólahúsnæðið.

Opið hús verður sem hér segir:

Ólafsvík – 5.-10.b. – mánudaginn 19. september kl. 20.00

Hellissandi – 1.-4.b. – þriðjudaginn 20. september kl. 20.00

Vonumst til að sjá sem flesta!

Starfsfólk Grunnskóla Snæfellsbæjar
Ólafsvík og Hellissandi

Teflt í vetur

Vetrarstarf Taflfélags Snæfellsbæjar er að hefjast og verður það fjölbreytt að venju. M.a. verða vikulegar skákæfingar kl. 20:00 á sunnudagskvöldum í húsi framsóknarfélaganna í Snæfellsbæ. Eru nýjir félagar sérstaklega hvattir til að mæta, allir velkomnir.

Fyrirhuguð eru nokkur mót í vetur og ber þar hæst hið rómaða Ottósmót sem haldið verður í byrjun desember og er von á fjölda stórmeistar og annara sterkra skákanna eins og undanfarin ár. Þess má geta að Ottósmótið hefur unnið sér

fastan sess hjá skákmönnum og er eitt fjölmennasta og trúlega sterkasta atskákmóts landsins.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti skáksambands Íslands og Lenka Ptáčníková nýkrýndur norðurlandameistari í skák kvenna eru væntanlegar í heimsókn nú í haust og munu þær heim-sækja grunnskólann þar sem þær ætla að sjá um kennslustund og standa fyrir fjöltefli. Eins ætla þær að veita félögum í taflfélaginu leiðsögn og etja við þá kappi. Von er á fleiri góðum gestum í vetur, svo sem fulltrúum Hróksins

og Eddu útgáfu sem munu gefa öllum nemendum í grunnskólum bæjarins, fæddum árið 1997, kennslubókina „Skák og mát“

Félagar í taflfélaginu munu sjá um skákennslu í grunnskólanum líkt og í fyrra og er um tvær kennslustundir á viku að ræða.

Ýmislegt fleira verður á

döfinni í vetur og er áhugasömum bent á að kynna sér starfsemina hjá félagsmönnum.

Í stjórn Taflfélags Snæfellsbæjar eru: Gunnar Gunnarsson, Gylfi Scheving og Tryggvi Leifur Óttarsson



Bókasafn
Snæfellsbæjar

auglýsir

Opnunartími í vetur
verður sem hér segir:

Opið frá 16:00-18:00 alla virka daga
og að auki er opið
kl. 20-21 á þriðjudögum

Kveðja,

Bókavörður

BÍLL TIL SÖLU



Nissan Almera árg 1999.

Ekinn 84 þús. km. Beinskiptur.

Sumar og vetrardekk. Góður bíll og vel með farinn.

Uppl. í síma 895 6141

HÚSGÖGN ÓSKAST

Ef þig vantar að losna við gamla sófann, svefnsofa, skápa, hillur, rúm, borð, og fl.

láttu okkur í Tónlistarskólanum vita, við erum að safna húsgögnum fyrir tónlistarkennarann frá Rússlandi.

sími: 436-1179 eða 436-6827

skólastjóri.

Nemendur Fjölbrautarskóla Snæfellinga

Um leið og við óskum ykkur góðs gengis á nýrri námsönn viljum við þakka ykkur sérstaklega fyrir ljúfmannleg samskipti.

Í framhaldi af því viljum við bjóða ykkur sem versluðu skólabækurnar hjá okkur nú í haust að líta við og þiggja örlitla gjöf með þakklæti fyrir viðskiptin.

Verið ávalt velkomin í Hrannarbúðina sem er opin 11 - 18 virka daga og 13 - 15 laugardaga.

Jóhanna og Gunnar



Hrannarstíg 5, Grundarfirði.

ADALFUNDUR

Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu

verður haldin í Sögumiðstöð Eyrbyggja
laugardaginn 1. október nk. kl. 17:00.

Dagskrá aðalfundar:

1. Venjuleg aðalfundarstöf.
10. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi verður boðið upp á kvöldverð
á veitingastaðnum Krákanni í Grundarfirði.

Rátuferðir frá Búðardal, Stykkishólmi og Snæfellsbæ nánar
auglýstar þegar þátttaka liggur fyrir.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til stjórnarmanna á hverjum
stað eða til formanns í farsíma 899 7090 í síðasta lagi
föstudaginn 23. september nk.

Stjórn SDS

BÍLSTJÓRI ÓSKAST

í skólaakstur o.fl.
Rútuþróf nauðsynlegt.

Uppl. í síma 892 4327

Styrktu Rauðakrossinn



Þessar hressu stúlkur
héldu tombólu til styrktar
Rauðakrossinum í síðustu
viku. Afrakstur tómbólunnar
voru 2.634 krónur.

Stúlkurnar heita Viktoría,
Gestheiður Guðrún, Dagný,
Agnes Eik, Rakel Sunna og
Hrefna Rún.



SÍMENNTUNAR
MIÐSTÖÐIN

**Námsvísir haustannar
er kominn heim til þín.**

**Skráðu þig strax á
námskeið!**

Fyrstur kemur, fyrstur fær!

www.simenntun.is
Sími 437 2390



VIKA SÍMENNTUNAR
25. - 30. SEPTEMBER 2005

KNATTSPYRNA

1. deild karla

Ólafsvíkuvöllur
Víkingur Ó - Þór

Föstudagur 16. september

Kl. 17:30

Verð aðgöngumiða kr. 1.000 fyrir 16 ára og eldri,
frítt fyrir yngri.

Íbúar Snæfellsbæjar 60 ára og eldri



Nú er búið að skipuleggja svæði fyrir íbúðir 60 ára og eldri við Engihlíð í Ólafsvík.

Byggð verða 2 parhús, þ.e. 4 íbúðir. Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið og íbúðirnar tilbúnar til afhendingar þann 1. sept. 2006.

Þeim sem áhuga hafa á því að sækja um íbúð er bent á að hafa samband við Smára tæknifræðing, í síma 436-6900 eða í tölvupósti á smari@snb.is og kynna sér málið nánar.

Fyrstur kemur fyrstur fær!